

6. ágúst 2021.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## **MINNISBLAÐ – móðurmálskennsla nemenda með annað tungumál en íslensku, mál 2104572**

### **Samantekt**

Þetta minnisblað reyndist lengra en áætlað var í upphafi og er alls núna 14 bls. - og nálgast því nær því að eiga að vera kölluð skýrsla frekar en minnisblað en svo mikið þurfti að segja til að útlista það erindi sem liggur að baki þessu minnisblaði. Það tekur til umfjöllunar málefni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar sem hafa annað móðurmál en íslensku. Til að einfalda framsetninguna var ákveðið að skipta efni minnisblaðsins í þrjá meginhluta fyrir utan kynningu í upphafi. Þessir þrír hlutar eru:

- A. Íslenskukennsla (nemenda með annað móðurmál en íslensku).
- B. Móðurmálskennsla (nemenda með annað móðurmál en íslensku).
- C. Tólmstundastarf (barna með annað móðurmál en íslensku).

Inni í hverjum þessara þriggja koma tillögur sem snúa að viðkomandi efnisþætti.

Loks er smá samantekt á efninu í lokin.

Hefst þá sjálf umfjöllunin.

### **Kynning**

Á 466. fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar þann 5. maí 2021 var eftirfarandi bókun lögð fram og samþykkt:

#### **3. 2104572 - Móðurmálskennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku**

Fræðsluráð felur skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs að taka saman upplýsingar um þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum Hafnarfjarðar, m.a. sem snýr að íslenskukennslu, móðurmálskennslu, tólmstundastarfi o.þ.h. og kynna þau sjónarmið sem um þau verkefni gilda í lagaumhverfinu (regluverkinu) varðandi skyldur sveitarfélaga til þjónustu hér og hlutverk annarra þar sömuleiðis.

Á grunni þessarar bókunar er eftirfarandi minnisblað unnið. Til að samhæfa orðræðuna verður hér áfram rætt um „fjöltýngda nemendur“ um þá nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar hafa annað móðurmál en íslensku. Hugtakið fjöltýngdir nemendur er notað í hagræðingarskyni þótt í reynd séu mismunandi skilgreiningar og mörg hugtök notuð um tungumálakunnáttu barna, t.d. fjöltýngi, fjöltýngi, virkt fjöltýngi o.fl. Umræddir nemendur geta hvort heldur verið af erlendu bergi eða Íslendingar sem

hafa búið í útlöndum stóran hluta ævi sinnar áður en þeir koma í grunnskóla á Íslandi. Fjöltýngdum nemendum fjölga ört í grunnskólum Hafnarfjarðar þótt fjöldi þeirra sé mjög mismunandi eftir skólum en segja má að þeir séu frá um 5% nemenda í einstaka grunnskólum bæjarins þar sem þeir eru fæstir og upp í um 26% nemandahópsins þar sem þeir eru flestir, á skólaárið 2020-2021.

Utan þessa eru börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd og eru á ábyrgð Útlendingastofnunar. Mennta- og lýðheilsuvið Hafnarfjarðar tók að sér að annast skólastarf (ýmist leik- eða grunnskóli) fyrir umrædd börn sem hafa búsetu í Hafnarfirði á meðan umsókn um vernd er í vinnslu. Sú starfsemi fer fram í sérstakri deild sem er í Hvaleyrarskóla og nefnist Bjarg. Kostnaður við þá deild er greiddur af Útlendingastofnun í gegnum samning hennar við fjölskyldu- og barnamálasvið bæjarins. Í deildinni hafa verið frá 5-20 börn á hverjum tíma. (Á covid tíma hafa þau verið frekar fá en búast má við talsverðri fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd þegar landamærin verði opnari síðar meir.) Öll börnin sem koma í deildina taka eins mikinn þátt í skólastarfi Hvaleyrarskóla og talið er mögulegt á hverjum tíma. Dvölinni í deildinni lýkur þegar börnunum er synjað um dvalarleyfi og þau yfirgefa landið eða þau fá dvalarleyfi og fara þá í sinn heimaskóla, hvort heldur er í Hafnarfirði eða í öðrum sveitarfélögum. Nokkuð hefur verið um að foreldrar nemenda sem hafa fengið dvalarleyfi og búsetu í Hafnarfirði óski eftir að börn þeirra fái að halda áfram í Hvaleyrarskóla fremur en að skipta um skóla og hafa stjórnendur Hvaleyrarskóla brugðist jákvætt við þeim óskum. Á meðan sérstakt fjármagn kemur til að þjónusta nemendur í leit að alþjóðlegri vernd í Bjargi fellur allur fjárstuðningur ríkisins við þau niður ef þau fá dvalarleyfi og þau hefja hefðbundið grunnskólanám, m.a. í grunnskólum Hafnarfjarðar, en ekkert viðbótarfjármagn, eða nýtt fjármagn, verður í sjálfu sér til við þá umbreytingu á skólagöngunni sem þá á sér stað. Huga verður sérstaklega að þessum þætti í framtíðinni því reynslan hefur sýnt að nemendur með flóttabakgrunn eru í flestum tilfellum með litla eða brotna skólagöngu og sýna jafnvel glögg merki alvarlegrar áfallastreitu. Aðstæður þeirra hafa mikil áhrif á líðan, nám og félagslega aðlögun og þau þurfa mikinn sértækan stuðning á mörgum sviðum skólastarfs fyrstu árin. Gera þarf ráð fyrir þessum sértæka stuðningi við úthlutun kennslutíma.

Í dag fara allir fjöltýngdir nemendur í Hafnarfirði í almennan bekk í sínum heima-/hverfisskóla en geta þó einnig sótt um aðra skóla, t.d. Alþjóðaskólann sem staðsettur er í Sjólandsskóla í Garðabæ. Frá árinu 2002-2017 var starfrækt móttökudeild fyrir nemendur af erlendum uppruna (safndeild fyrir bæinn) í Lækjarskóla. Fyrstu árin var deildin ætluð öllum nemendum á grunnskólaaldri en frá árinu 2007 var ákveðið að nemendur í 1. – 4. bekk skyldu fara beint í sinn heimaskóla en nemendum í 5. – 10. bekk stóð til boða að stunda áfram nám í móttökudeildinni. Árið 2017 var tekin sú ákvörðun að leggja starfsemi móttökudeildarinnar niður og að allir fjöltýngdir nemendur færu í bekk í sínum heimaskóla. Sú ákvörðun var m.a. tekin vegna fjölgunar fjöltýngdra nemenda með tilheyrandi álagi á Lækjarskóla og eins til þess að sporna við jaðarsetningu þessa nemandahóps með því að setja hann í „sérstaka deild“. Á sama tíma var deildarstjórástöðu í móttökudeildinni breytt í kennsluráðgjafastöðu fjölmennningar á skrifstofu mennta- og lýðheilsuviðs, Kristrún Sigurjónsdóttir gegnir stöðunni ennþá og heldur utan um stjórnslu málaflokksins í leik- og grunnskólum bæjarins sem kennslufulltrúi fjölmennningar sem er opinbert starfsheiti hennar í dag. Þá gaf skrifstofa mennta- og lýðheilsuviðs út sérstaka handbók fyrir skóla um kennslu tvítýngdra nemenda árið 2015. Hún þarfnast endurskoðunar í dag sökum þess hve miklar breytingar eiga sér stöðugt stað, t.d. vegna fjölgunar tvítýngdra nemenda í grunnskólum.

Hér áfram verður frekari umfjöllun um málefni fjöltyngdra nemenda í grunnskólum flokkuð í nokkur þemu eða kafla út frá viðfangsefnum. Í lok hvers kafla eru settar fram nokkrar hugmyndir eða tillögur til skoðunar sem gætu nýst á næstu árum til að bæta þjónustu við fjöltyngda nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar.

## A Íslenskukennsla

Íslenskukennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku er sérstaklega tilgreind í lögum um grunnskóla, 16. grein þar sem segir:

**16. gr. Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.**

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólasterfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkajónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku fjöltyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) er sérstakur kafli um kennslu íslensku sem annars tungumál, kafli 19.3 (bls. 106-108). Eftirfarandi gæti verið samantekt á sjónarmiðum kaflans til kennslunnar í þessari námsgrein, sem er þá eins konar hliðarnámsgrein við námsgreinina íslensku (hefur ýmist verið nefnd íslenskukennsla sem annað tungumál (ÍSAT) eða Íslenska 2 (ÍSL2)):

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi. Áföngunum er hér skipt niður í stig sem miðast við hæfni í íslensku við lok hvers stigs. Í fyrsta lagi er miðað við byrjendur, svo lengra komna og síðan lengst komna. Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri. Hvað málfræði áhrærir má velja viðmið úr hæfniviðmiðum um málfræði þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli.

Mikilvægt er að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur. Það er einnig brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Íslenskunámið, og þar með talið læsi, á að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans.

Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku fjöltyngi. (bls. 107.)

Kaflinn um íslensku sem annað tungumál í aðalnámsskrá (2013) hefur verið gagnrýndur fyrir að vera rýr og til lítills stuðnings fyrir kennara sem kenna fagið. Undanfarin ár hefur starfshópur unnið að endurbótum á kaflanum þar sem lögð er áhersla á að um sérstaka námsgrein sé að ræða og hæfniviðmið og matsviðmið hafa verið unnin fyrir námsgreinina á grunni evrópska tungumálarammans. Einnig er lögð áhersla á að þættir, s.s. móttökusamtöl, félagleg aðlögun og foreldrasamstarf fari inn í almenna hluta námsskrár en að málefni nemenda af erlendum uppruna séu ekki tiltekin afmarkað undir námsgreininni íslensku sem öðru máli. Til stendur að kaflinn taki formlega gildi 15. ágúst nk.

Hafnarfjörður hefur frá árinu 2007 verið með sérstaka úthlutun til íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þannig var á sínum tíma skilgreind ákveðinn fjöldi íslenskutíma eftir því hve lengi nemendur höfðu verið á Íslandi, þ.e. mest fyrst og minna eftir því sem árunum fjölgaði. Nú undir það síðasta er ekki beint lögð lína hér heldur er ákveðnum tímafjölda til kennslu úthlutað til skólanna út frá nemendafjölda og samsetningu nemendahópsins í hverjum skóla sem hafa íslensku sem annað tungumál. Í grófum dráttum má segja að skólaárið 2020-2021 hafi verið úthlutað 15 stöðugildum kennara, eða um 400 kennslustundum á viku, til allra skólanna samanlagt sem sérstaklega var ætlað til ÍSAT/ÍSL2 kennslu. Nefna má að í Hafnarfirði hefur sú hefð skapast að skólar verja úthlutun til ÍSAT/ÍSL2 kennslu til að ráða kennara í heil og hálf stöðugildi fremur en að deila tímunum niður á marga kennara. Þetta hefur reynst mjög vel með tilliti til markvissari kennslu, betri yfirsýnar yfir málefni fjöltyngdra nemenda og meiri sérhæfingar kennara í námsgreininni. Á undanförunum árum hefur fjöltyngdum nemendum fjölgað jafnt og þétt auk þess sem nemendahópurinn er með fjölbreyttari bakgrunn en áður hvað varðar tungumál, menningarlegan bakgrunn og fyrri skólagöngu. Það er áskorun fyrir skólana að mæta námslegum og félagslegum þörfum þessa nemendahóps og skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk óskar í síauknum mæli eftir ráðgjöf varðandi málefni fjöltyngdra nemenda og kennslu þeirra. Einnig hafa skólastjórnendur bent á það aukið fjármagn þurfti til að mæta þörfum nemenda varðandi íslenskukennslu, sértækan stuðning og annað utanumhald sem óhjákvæmilega fyrir málaflokknum sem þörf er að skoða frekar á næstunni.

Samkvæmt grunnskólalögum skulu allir skólar hafa móttökuáætlun, þ.e. skilgreina og viðhafa ákveðin skipulögð vinnubrögð við móttöku ákveðinna nemendahópa sem koma í grunnskóla, og skal móttökuáætlun vera hluti af starfsáætlun skóla samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla. Í grunnskólum Hafnarfjarðar miðar móttökuáætlun að ýmsum nemendahópum sérstaklega, t.d. 6 ára nemendum, nemendum sem koma í skóla eftir 1. bekk, nemendum með miklar sérþarfir og nemendum með annað móðurmál en íslensku, þ.e. fjöltyngdir nemendur. Nemendur sem tilheyra síðastnefnda hópnum fer ört vaxandi og þarfnast stöðugt meiri umsýslu í grunnskólunum. Móttökuáætlanir vegna fjöltyngdra nemenda eru virkar í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar en sl. skólaár hefur Hraunvallaskóli í samstarfi við kennslufulltrúa fjölmennningar unnið að því að bæta móttökuferla, búa til gátlista fyrir foreldraviðtöl og gera tillögur að skipulagi kennslu fyrir þennan nemendahóp. Markmiðið með þessari vinnu er að skýra verkferla vegna móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna og bæta kennslu og aðra þjónustu við fjöltyngda nemendur og foreldra þeirra. Ætlunin er að vinnan geti nýst öllum grunnskólum í Hafnarfirði.

Stöðumatið, sænskt stöðumat á námsstöðu fjöltyngdra barna, þegar komið er í grunnskóla í nýju landi, er sérstakt verkefni sem tilbúið er til notkunar í íslenskum grunnskólum. Stöðumatið var þýtt úr sænsku yfir á íslensku að frumkvæði Hafnarfjarðar og var unnið í samvinnu þriggja sveitarfélaga (Hafnarfjörður, Árborg og Reykjanesbær) og er núna dreift til allra skóla á landinu af Menntamálastofnun (MMS), sjá: <https://mms.is/stodumat-fyrir-erlenda-nemendur>. Stöðumatið felur í sér að sérhver fjöltyngdur nemandi sem kemur nýr í grunnskóla á Íslandi fer í gegnum ákveðið matsferli með honum til að átta sig á hæfni hans, sérstaklega í læsi og stærðfræði. Einnig er tungumálakunnátta og fyrri reynsla og þekking metin. Markmiðið með stöðumatinu er að kortleggja námslega stöðu nemenda á móðurmáli þeirra eða sterkasta tungumáli og meta hæfni í læsi og stærðfræði fyrir frekara nám í íslenskum grunnskóla. Á grundvelli stöðumatsins er þörf nemanda fyrir stuðning metin og kennarar sem koma að kennslu nemandans vinna í sameiningu kennsluáætlun fyrir nemandann. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að nýta styrkleika sína og byggja ofan á fyrri þekkingu og reynslu.

Það er sjónarmið undirritaðs að þörf sé á frekari umsýslu með nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Í upphafi var málefni þeirra hent undir sérkennslu í grunnskólum og jafnvel deildarstjóra stoðþjónustu, sem í upphafi var kannski heppilegt til að samnýta sem best verkefni í skólunum. En í dag er mikil þörf á að aðgreina nám nemenda með annað móðurmál frá íslenskunámi nemenda sem þurfa á stuðningskennslu, þ.e. að ekki eigi að líta svo á að kennsla ÍSAT/ÍSL2 sé „stuðningskennsla“ í grunninn heldur sé hún kennsla eins og hver önnur námsgrein eins og samfélagsgreinar, stærðfræði og textílmenn. Það er þörf viðhorfabreytingar til að viðurkenna nauðsyn þess að fjöltyngdir nemendur þurfa aukna þjónustu án þess að líta svo á að þeir þurfi sérstakan stuðning, „sérkennslu“, þar sem málið snýst einfaldlega um að nemandi fái stuðning til að læra einstaka námsgreinar án þess að það kallist sérstuðningur við umrædda nemendur eða þetta snúist einfaldlega um fjölbreyttar kennsluáðferðir og námsstuðning sem á við alla kennslu og engin þörf sé á að „stuðningsvæða“ þessa kennslu almennt séð og því þurfi að aðgreina hana frá stuðningskennslu og gera hana að „almennri kennslu“.

### Tillögur um kennslu íslensku sem annars tungumáls í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. Að fjármagn til kennslunnar geti aukist með fjölgun nemenda innan skólaársins í einstaka skólum.
2. Að viðhafa stuðning til heimanáms fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku mánudaga til fimmtudaga í hverjum skóla sem nemur einni til tveimur kennslustundum fyrir hvert kennslustig í hverjum grunnskóla bæjarins. Í fljótu bragði má ætla að til þess þurfi að úthluta 1,5 stöðugildi kennara til þess að slíkt geti komist í framkvæmd. Tilgangur þessa væri að styðja nemendur með heimanám í öllum námsgreinum þar sem foreldrar nemenda af erlendum uppruna hafa minni möguleika á að styðja við heimanám barna sinna, sem allt byggist á notkun íslenskunnar, en íslenskir foreldrar.
3. Að stofnuð verði sérstök staða, verkefna- (FG samningur) eða deildarstjóri (SÍ samningur) ÍSAT/ÍSL2 í hverjum grunnskóla bæjarins (t.d. allt að 50% staða) sem hafi kennslufræði- og skipulagslega umsýslu með málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku. Helstu verkefni umrædds aðila væru móttaka allra nýrra fjöltyngdra nemenda, skipulag ÍSAT/ÍSL2 kennslu skólans, stuðningur við félagslega aðlögun og að koma í veg fyrir mismunum og jaðarsetningu þeirra í skólastarfinu og nemendahópnum, miðlægt foreldrasamstarf, stuðningur

við einstaka (umsjónar)kennara varðandi kennslu fjöltyngdra nemenda, að leggja fyrir stöðumatíð sænska og önnur umsýsla málefna sem snúa að nemendum með annað móðurmál en íslensku sérstaklega. Almennt er það sjónarmið hér að því betur sem við styðjum nemendur í grunnskólum minnkar það líkur á að nemendur falli úr námi óeðlilega fljótt (eftir grunnskóla), þurfi sérstakan námslegan stuðning og félagslega þjónustu síðar meir.

## B Móðurmálskennsla

Móðurmálskennsla í þessu tilviki felur í sér kennslu í því tungumáli sem fjöltyngdur nemandi kemur með til Íslands og er hans fyrsta eða upprunalega tungumálið sem hann nam. Í sumum tilvikum er þó barn á grunnskólaaldri sem kemur til Íslands með óljósa tungumálastöðu í því að ekkert eitt tungumál er hægt að skilgreina sem móðurmál hans. Þá hafa nemendur fengið mismikla skólagöngu og hafa jafnvel fengið litla sem enga kennslu í móðurmáli sínu að auki þótt að eitt slíkt mál sé til staðar sem hægt að skilgreina sem móðurmál þess.

Ef skoðuð eru ákvæði regluverksins um móðurmálskennslu fjöltyngdra nemenda í grunnskólum á Íslandi er eftirfarandi að finna. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 16. grein sem kynnt var hér frammar:

Í skýringum með ákvæðinu segir jafnframt:

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli er lögbundin og skal stefnt að virku fjöltyngi nemenda í samstarfi við foreldra. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er stefnt að því að þessir nemendur fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sérstök móðurmálskennsla er hins vegar ekki lögbundin fyrir alla nemendur, enda er talið óframkvæmanlegt að koma slíku við á öllum tungumálum. Hins vegar er æskilegt að nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt, t.d. sem valgrein eða í fjarnámi, og fái það metið í grunnskólum óski nemendur eða foreldrar þeirra þess.

Þá er töluvert fjallað um þessi mál í aðalnámskrá grunnskóla (2013) en þar segir m.a.:

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að nemendur með annað móðurmál en íslensku viðhaldi og rækti eigið móðurmál, en samkvæmt grunnskólalögum er stefnt að virku fjöltyngi þessara nemenda” (bls.96)

Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku. (bls. 106)

Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. (bls. 106)

Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun. (bls. 106-107)

Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) gefið út leiðbeinandi plagg, [Drög að stefnu. Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn](#) þar sem frekar er rætt um móðurmálskennslu fjöltyngdra nemenda og setur þar m.a. fram tillögur eins og þessar:

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti ásamt sveitarfélögum og rekstraraðilum finni leiðir til að stuðla að virku fjöltyngi barna og ungmenna, í samvinnu við þá aðila sem veita þeim móðurmálskennslu.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar standi að fræðslu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti um mikilvægi móðurmála nemenda til að byggja upp íslenskukunnáttu þeirra, efla sjálfsmynd þeirra og auka námstækifæri.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar leitist við að styðja við móðurmálskennslu sem fram fer utan hefðbundins skólastarfs hjá viðurkenndum fræðsluaðilum. (bls. 72)

Enn eitt plaggíð er til frá MMR, [Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi](#) frá árinu 2020 (líka til á [ensku](#) og [pólsku](#)). Þar er m.a. vísað í bréf frá umboðsmanni barna frá 6.12.2013 þar sem segir:

Umboðsmaður barna telur að Barnasáttmálinn feli í sér að leitast skuli við að tryggja börnum kennslu í eigin móðurmáli. Má því til stuðnings benda á ýmis ákvæði sáttmálans (2. gr., 6. gr., 8. gr., 29. gr., 30. gr.) (...) Umboðsmaður barna telur að ofangreind ákvæði Barnasáttmálans feli í sér að ríkinu sé skylt að leitast við að tryggja móðurmálskennslu fyrir öll börn. Það telst því brot á réttindum barns ef ríki og sveitarfélög gera engar ráðstafanir til þess að tryggja börnum slíka kennslu. Ef um er að ræða tungumál sem fáir tala getur hins vegar verið erfitt að tryggja slíka kennslu, t.d. ef enginn kennari finnst hér á landi til þess að kenna tungumálið. Við slíkar aðstæður ætti þó að leitast við að gera aðrar ráðstafanir, í samráði við foreldra barns. Ef foreldrar treysta sér ekki til þess að kenna barninu væri til dæmis hægt að kanna fjarkennslu í gegnum netið eða aðrar leiðir sem hugsanlega kunna að vera í boði. Í þessu sambandi má einnig benda á að það eru fyrst og fremst foreldrar sem bera ábyrgð á velferð barna sinna og hafa þeir því ákveðnar skyldur þegar kemur að réttindum til að viðhalda eigin menningu og tungu. Ríkinu ber þó að aðstoða foreldra í hlutverki sínu og grípa inn í þegar ljóst er að foreldrar geta ekki sinnt því sem skyldi. (bls. 6)

Af tillögum í umræddum leiðarvísi er helst þetta sem fjallar um móðurmálskennslu fjöltyngra barna:

- Boðið nemendum með annað móðurmál en íslensku upp á móðurmálskennslu sem kemur í staðinn fyrir kennslu í erlendu tungumáli (lög um grunnskóla, gr. 16) og verið metin sem faggrein í grunnskóla og/eða sem valfag á unglingsstigi.
- Viðurkennt móðurmálskennslu á vegum utanaðkomandi aðila sem hluta af formlegri menntun fjöltyngra barna og metið til einkunna á grunnskólastigi og ECTS-eininga á framhaldsskólastigi.
- Boðið upp á stöðupróf í móðurmálum unglinga og ungmenna með sambærilegum viðmiðum fyrir öll tungumál.

Sum part er vandi með þessar tillögur í umræddri skýrslu og leiðarvísi og tilgreindar eru hér ofar. Þannig eru þetta tillögur á vegum MMR en sveitarfélögin, eða Sambandið sem fulltrúi þeirra, hefur ekki samþykkt þessa stefnu, eða áherslur eftir atvikum, svo þessar tillögur eru ekki í sjálfu sér stefnumiðandi eða ákvarðandi fyrir einstök sveitarfélög. En geta vissulega verið til leiðbeiningar.

Þá eru það sjónarmið sem eru í aðalnámskrá grunnskóla um undanþágur sem tilgreindar eru í 16. kafla hennar. Þar er m.a. fjallað um möguleika á undanþágu frá dönskukennslu í upphafi kaflans þar sem segir:

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóra heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Þá er t.d. átt við undanþágu nemenda með



annað móðurmál en íslensku frá skyldunámi í dönsku. Þetta á einnig við um unglunga sem lengi hafa verið búsettir erlendis. Þá er hægt að veita nemendum með sérþarfir eða fötlun undanþágu frá tilteknum námsgreinum að höfðu samráði við sérfræðinga. Æskilegt er að nemendum sé boðið upp á önnur námstækifæri í staðinn, t.d. nám í eigin móðurmáli eða íslensku. (bls. 80.)

Sjónarmið lögfræðings frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tölvupósti til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs í júní 2020 aðspurður um skyldur sveitarfélaga til móðurmálskennslu nemenda í grunnskólum, almennt séð, hafði hún eftirfarandi að segja: „Til að draga þetta saman þá er í lögum, aðalnámskrá og ýmsum stefnum lögð mikil áhersla á að sveitarfélög komi til móts við þarfir þessa hóps um kennslu á eigin móðurmáli eins og hægt er. Hins vegar hefur ekki verið tekið af skarið með það að gera það að skyldu fyrir skóla að annast þá kennslu enda hefur það verið talið óframkvæmanlegt að koma því við.“

Af ofangreindu verður það almennt sagt að regluverkið gerir ráð fyrir að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku geti stundað nám í eigin móðurmáli þótt það sé í reynd engin skylda að sveitarfélögin annast þá móðurmálskennslu, frekar er að ríkisvaldið hafi þá kröfu ef eitthvað er. Eða að fylgja því eftir að nemandi stundi nám í sínum móðurmáli utan grunnskólans, t.d. hjá „viðurkenndum fræðsluaðilum“ líkt og kemur fram í drögum að stefnu frá MMR. Þannig er í reynd mjög óljós stefna í gangi varðandi þá framkvæmd að fjöltyngdir nemendur fái móðurmálskennslu á Íslandi. Það sem virðist sýnilegt er að umrædd börn fái aðeins móðurmálskennslu ef foreldrar þeirra leggja áherslu á slíkt, t.d. í tungumálaskólum á Íslandi (Pólskuskólinn, Alliance française, Málaskólinn Mímir) eða einkaframtak í tungumálakennslu barna á Íslandi undir formerkjum Móðurmál, the Association on Bilingualism ([modurmal.com](http://modurmal.com)) sem hefur verið starfrækt á Íslandi frá árinu 1994 og hafa í dag kennsluásetur í tveimur grunnskólum í Reykjavík (Fellaskóli og Hólabrekkuskóli).

Frá sjónarhóli skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs er þetta framkvæmdin í dag varðandi móðurmálskennslu fjöltyngdra nemenda:

1. Engar áherslur eru um móðurmálskennslu fjöltyngdra nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar, þ.e. grunnskólar bæjarins hvorki standa fyrir móðurmálskennslu né bjóða upp á að nemendur geti fengið móðurmálskennslu sem þau geta verið að taka annars staðar metna sérstaklega í grunnskólunum (utan valgreina mögulega, sjá hér neðar).

Útskýring: Það kemur hvergi fram í regluverkinu hvernig eigi að meta móðurmálskennslu utan grunnskóla, þ.e. hvort sleppa skuli öðru námi í staðinn eða það sé sjálfstætt fag eða viðbót sem grunnskóli hafi skyldur til að skrá á vitnisburðarblað (einkunnir) nemanda út frá vitnisburðarblaði sem það gæti mögulega hafa fengið frá viðkomandi rekstraraðila móðurmálsnámsins.

Þó er hægt að líta svo á að nemandi í elstu bekkjum grunnskóla geti fengið formlegt nám í móðurmáli utan skóla (t.d. í tungumálaskóla) metið sem val komi viðeigandi upplýsingar frá umræddum skóla sem sýni fram á umfang námsins og það geti verið metið sem ígildi vals (1-4 vikustundir af 37 sem heimilaðar eru til utanaðkomandi valgreina samkvæmt aðalnámskránni):

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan



grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglíngastigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum. (bls. 50)

2. *Fjöltyngdum nemendum sem óska eftir undanþágu frá dönskunámi í grunnskólum Hafnarfjarðar (frá 7. bekk) stendur ekki til boða að fá aðra kennslu í staðinn, t.d. aukna íslenskukennslu eða kennslu í móðurmáli sínu.*

Svo megin sjónarhornið í grunnskólum Hafnarfjarðar er að ef nemandi fær undanþágu frá dönsku (kennsla í norsku eða sænsku í stað dönsku telst ekki vera undanþága) er litið svo á að dregið sé úr námi hans til að hann geti einbeitt sér að öðrum námsgreinum grunnskólans frekar. Nemandi fær skerta stundatöflu að sagt er, þ.e. minna kennslumagn á viku en ætlað er nemendum í viðkomandi árgangi (30 vikustundir, þar sem hver er 40 mín., í 1.-4. bekk, 35 í 5.-7. bekk og 37 í 8.-10. bekk). Tilgangur þess að sleppa því að læra dönsku væri að draga úr fjölda erlendra mála sem nemandi þyrfti að læra utan síns móðurmáls, sem eru þá í þessu tilviki íslenska og enska.

Það hafa komið óskir til skóla frá foreldrum, sem alltaf þurfa að óska eftir undanþágu fyrir börn sín því skólar geta ekki tekið sjálfir ákvörðun um undanþágu án óskar foreldranna, um að börn þeirra sleppi dönsku og fái í staðinn kennslu af hálfu skóla í móðurmáli sínu á vegum skólans; t.d. að skóli greiði foreldrum fyrir að annast kennsluna. Hafi skólar leitað til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs með fyrirspurn um slík erindi hefur skrifstofan ráðlagt skólum að hafna þeim, þ.e. skóli veitir ekki undanþágu á grunni þess að hann ætli að kenna barninu móðurmál þess í staðinn. Undanþágur í slíkum tilvikum eru aðeins veittar til að létta nám nemenda í öðrum námsgreinum og færa fjöltyngdum börn ekki fleiri ný tungumál en þeim sem eiga íslensku að móðurmáli.

Tillögur skrifstofunnar varðandi kennslu móðurmál nemenda með annað móðurmál en íslensku:

1. Að búa til sérstakt tungumálanámsstyrkjakerfi fyrir hafnfirsk börn til að stunda tungumálanám hjá viðurkenndum fræðsluaðilum líkt og tómskundastyrkur er veittur börnum í Hafnarfirði sem iðka íþróttir. Að blanda þessum tveimur styrkjamöguleikum saman dregur úr möguleikum fjöltyngdra barna til tómskundastarfs, þ.e. ef þau ætla að nýta tómskundastyrk til tungumálanáms á meðan aðrir nota hann til íþróttaiðkunar þar sem þau hafa ekki þörf á tungumálastyrk.
2. Að bærinn styðji samtökin Móðurmál (modurmal.com) með fjárframlagi árlega til að styrkja starfsemi samtakanna (t.d. fræðslu til kennara sem kenna á vegum þeirra) svo þeir geti eftt móðurmál sitt
3. Að fjöltyngdir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar séu hvattir til að sækja sér móðurmálskennslu og foreldrum leiðbeint um slíkt.
4. Að bærinn bjóði Móðurmáli aðstöðu í grunnskólum Hafnarfjarðar með kennslu í einhverjum tungumálum ef þau hefðu áhuga á því og ef nægur fjöldi væri í Hafnarfirði af börnum sem gætu myndað þar hópa í kennslu einstakra erlendra tungumála, þ.e. annarra en íslensku. (Talið er líklegt að börnum með annað móðurmál en íslensku eigi bara eftir að fjölga og að fleiri kennslustaðir getið verið mikilvægir til að ná til sem flestra barna. Þetta hefur þó ekki verið rætt við fulltrúa Móðurmáls enn sem komið er.)

- Færa nemendum strætómiða sem vilja fara í móðurmálskennslu til að ferðalög í móðurmálskennsluna séu ekki til að hamla þátttöku í slíku námi, síðdegis virka daga eða um helgar. Mögulega mætti einnig bjóða nemendum frá Hafnarfirði rútuferðir líka, t.d. Firði sem safnaði börnum saman frá öllum Hafnarfirði, og æki nemendum til og frá Fellaskóla/Hólabrekkuskóla á laugardögum. Það gæti bæði átt við grunnskólabörn og aðstandendur þeirra.

## C Tómsundastarf

Í stefnu sem ráðuneytið gaf út, [Drög að stefnu. Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn](#) eru leiðbeiningar um hvernig megi styðja börn og ungmenni til að ná tökum á ríkulegri íslensku og virða tungumálaauðlindir fjöltyngdra nemenda. Stefnuritið tekur mið af því að bæði skóli og frístundastarf taki virkan þátt í því:

*„Skóla- og frístundastarf hefur það hlutverk að styðja börn og ungmenni við að ná tökum á ríkulegri íslensku. Auk þess ber þeim stofnunum að virða tungumálaauðlindir fjöltyngdra nemenda, þ.e.a.s. tungumálafærni þeirra á öllum tungumálum þeirra, og fjölskyldna þeirra, og að skapa hvetjandi umhverfi og samstarf með það að markmiði að styrkja allan tungumálaforða barna. Enn fremur þarf að hvetja foreldra fjöltyngdra barna til að setja sér meðvitaða tungumálastefnu í fjölskyldunni, með það að markmiði að bjóða börnum upp á ríkt tungumála- og læsisumhverfi.“*

Í handbók Hafnarfjarðar um móttöku barna í grunnskóla sem eru með annað tungumál en íslensku stendur að hver grunnskóli skuli veita foreldrum og nemendum greinagóðar upplýsingar um skólastarfið. Við í Hafnarfirði búum svo vel að starf tómsundamiðstöðvanna er innan skólans og því góð þekking á því tómsundastarfi sem er í skólanum. Deildarstjórar tómsundarmiðstöðvarinnar taka þátt í móttökuáætlun skólans og kynna hvað er í boði fyrir viðkomandi einstakling með tilliti til aldurs. Lögð er áhersla á að finna leiðir til að eiga í farsælu foreldrasamstarfi. Kennslufulltrúi fjölmenningar hefur í samstarfi við deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólunum verið að vinna að endurbættum verkferlum varðandi móttökusamtöl í skólunum þar sem lögð er áhersla á að deildarstjóri tómsundamiðstöðvar sé með í móttökusamtali og veiti þar foreldrum og nemendum greinargóðar upplýsingar varðandi frístundasheimili og starf félagsmiðstöðva.

Í grunnskólum bæjarins eru rekin **frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn** og félagsmiðstöðvar fyrir mið- og unglíngastig. Þátttaka barna og ungmenna í þessu tómsundastarfi eykur félagslega þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á öruggt umhverfi og með því að bjóða börnum og unglíngum að takast á við jákvæð viðfangsefni með sterkum fyrirmyndum eru meiri líkur á því að þau velji sér heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættu hegðun. Þá er áhersla lögð á að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og eflingu á sjálfstrausti og félagsfærni barna og unglínga, þar sem jafnréttissjónarmið eru ávallt höfð að leiðarljósi.

**Félagsmiðstöðvunum** ber að leita eftir þeim sem tilheyra áhættuhópum og virkja í starf sitt. Áhættuhópur getur talist hópur sem er líklegri en aðrir til að lenda í vandræðum s.s. vegna vímuefnaneyslu og félagslegrar einangrunar. Félagsmiðstöðvar geta sett af stað hópastarf þar sem

unnið er með ungt fólk sem þarfnast stuðning. Dæmi er um að slíkir hópar starfi til að auðvelda aðlögun barna innflytjenda og búa til vinahópa. Starf félagsmiðstöðva er öllum aðgengilegt og kostar ekki.

**Frístundaheimili** bjóða upp á vistun þegar skóla lýkur gegn gjaldi. Þáttökugjöld eru niðurgreidd til að auðvelda öllum að nýta sér þetta úrræði. Ekki er hægt að nýta frístundastyrk til að greiða niður þessi gjöld. Næstum öll börn í 6 og 7 ára bekk nýta sér þetta úrræði. Frístundarheimili falla undir læsisstefnu Hafnarfjarðar og er veitt fræðsla til starfsmanna hvernig styðja megi við læsi í umhverfi frístundaheimilisins.

Þátttaka barna með erlendan bakgrunn í frístundastarfi styður þau í að tileinka sér nýtt tungumál og færni í tungumálinu. Sá tími sem þau eyða í frístundastarfi eykur tíma þeirra barna í íslensku málumhverfi meðal jafningja. Hæfni í íslensku eykur virkni og styður við að börn með annað móðurmál en íslensku styrkist í félags- og samskiptafærni. Það er mikilvægt að börn af erlendum uppruna standi jafn víg öðrum börnum félagslega og hafi tækifæri til að ná árangri í leik og starfi. Í frístundastarfi innan frístundaheimilisins eða félagsmiðstöðvarinnar skapast tækifæri fyrir samskipti og félagsleg tengsl. Rannsóknir hafa sýnt að börn af erlendum uppruna taka síður þátt í skipulögðu frístundastarfi en íslensk börn sem kemur niður á íslenskunámi þeirra og félagslegri aðlögun. Það er því mjög mikilvægt að leita allra leiða til að ná til þessa hóps barna og virkja þau í frístundastarfi. Starfsmenn á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs eru meðvitaðir um þessa stöðu og hafa á undarförnum misserum sett af stað nokkur verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum og tómstundum eftir skóla og á sumrin.

**Verkefni sem miða að því að auka aðgengi barna að íþróttum og tómstundum.**

Á síðustu misserum hafa verið sett í gang tvö stór verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi í Hafnarfirði. Bæði voru niðurstöður rannsókna varðandi þátttöku þessa hóps áhyggjuefni og eins sýndu mætingartölur í Covid að nemendur af erlendum uppruna mættu síður í skóla á vordögum 2020 og einangruðust því enn frekar. Í kjölfarið var ákveðið að leita leiða til að ná til foreldra og barna af erlendum uppruna, upplýsa þá vel um framboð á tómstundastarfi yfir sumarið og bjóða upp á sumarnámskeið. Farið var af stað með sumarverkefni þar sem boðið var uppá tvö námskeið sem börn af erlendum uppruna gátu sótt án endurgjalds ásamt því að fá persónulega þjónustu og fylgt á námskeiðin. Í gegnum verkefnið varð til gagnabanki um framboð á tómstundastarfi í Hafnarfirði sem nýttist vel við að kynna framboðið fyrir foreldrum og börnum.

Ráðinn var starfsmaður í gegnum sumarátak Hafnarfjarðarbæjar sem var svar við atvinnuleysi háskólafélks á tímum Covid-19. Inga Sif Sigfúsdóttir, sem hefur lokið B.S. í íþrótt- og heilsufræði og er í M.Ed. námi í íþrótt- og heilsufræði, tók verkefnið að sér og starf hennar fólst í því að safna saman upplýsingum og vera milliliður og stuðningur fyrir ungmennin og foreldra þeirra á námskeiðunum. Verkefnið leiddi í ljós hvað persónuleg þjónusta skiptir miklu mál þegar kemur að þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi. Foreldrar höfðu í mörgum tilfellum ekki yfirsýn yfir það úrval sem er í boði í Hafnarfirði þegar kemur að íþróttum og tómstundum. Þeir þurftu aðstoð við að nýta frístundastyrkinn og í sumum tilvikum var foreldri ekki einu sinni með rafræn skilríki sem eru nauðsynleg til að skrá þátttöku barns. Það var því ljóst að börn af erlendum uppruna hafa ekki jöfn tækifæri á að stunda þær tómstundir sem eru í boði meðan foreldrana skortir upplýsingar og stuðning við skráningar. Ákveðið var að halda verkefninu áfram og skólaárið 2020-2021 var sett á laggirnar sérstakt verkefni í Hvaleyrarskóla þar sem starfsmaður var ráðinn til að auðvelda börnum af erlendum uppruna að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi. Boðið var upp á persónulega þjónustu við að aðstoða börn við að finna hvar styrkleikar þeirra og áhugasvið liggja og fylgja því eftir með góðum stuðning við foreldra við skráningar. Hvaleyrarskóli varð fyrir valinu því gögn sýna að þátttaka barna í skólanum í íþrótt- og tómstundastarfi var minni þar en í öðrum skólum. Reynslan úr verkefninu í Hvaleyrarskóla sýndi einnig að það voru erfiðleikar með skráningu og að foreldrar þurftu á stuðning að halda.

Í framhaldi af þessari vinnu var sumarið 2021 ráðinn inn sumarstarfsmaður til að bæta aðgengi barna og ungmenna af erlendum uppruna í Hafnarfirði að vinnuskóla og tómstundum yfir sumartímann. Unnið verður að því að aðstoða börn með erlendan bakgrunn við að sækja um í vinnuskólanum eða annað tómstundastarf sem er í boði og þau hafa áhuga á. Hann aðstoðar foreldra við skráningu og er tengiliður við vinnuskóla og tómstund meðan aðlögun á sér stað.

### Sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna að íþróttum og tómstundum.

Verkefnastjóri fjölmennningar á fjölskyldu- og barnamálasviði hefur umsjón með sérstökum sjóði þar sem kennarar, þjálfarar, félagsráðgjafar og aðrir geta leitað eftir stuðningi til að greiða fyrir íþróttþátttökugjöld eða búnað barna af erlendum uppruna. Markmið sjóðsins er að koma í veg fyrir að fjárhagslegir erfiðleikar hamli þátttöku barna af erlendum uppruna að íþróttum og tómstundum.

Tillögur skrifstofunnar varðandi tómstundastarf nemenda með annað móðurmál en íslensku:

- Styðja þarf við þátttöku barna í tómstundastarfi utan frístundaheimilis með markvissari hætti. Huga þarf að því að ráða inn frístundaráðgjafa í þeim skólum sem hæst af hlutfall erlendra nemenda í þessu skyni.
- Tryggja þarf að foreldrar viti hvaða þjónustu Hafnarfjarðabær býður upp á eins og frístundabíl og frístundastyrk. Mikilvægt er því að deildarstjóri tómstundamiðstöðvar veiti upplýsingar í móttökusamtölum í öllum grunnskólum.
- Tryggja þarf að þegar barn sem talar annað móðurmál en íslensku byrjar í skóla eða frístundastarfi ætti að leggja sérstaka rækt við að byggja upp samstarf við foreldra strax frá upphafi með það að markmiði að mynda tengsl og traust.
- Í tómstundamiðstöðvum verði lögð áhersla á foreldrasamstarf sem byggir á fjölmennningarlegum viðhorfum og skapað sé umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileikann.
- Tómstundamiðstöðin þarf að kynna fyrir foreldrum hlutverk frístundaheimilis og félagsmiðstöðva og það forvarnagildi sem þátttaka í skipulögðu frístundastarfi hefur.

Okkar reynsla sýnir að það þurfi að vera hægt að bjóða upp á persónulega þjónustu og stuðning við börn og foreldra þegar þau velja sér tómstund við hæfi.

### Niðurstaða og samantekt

Hér ofar hafa verið reifuð ýmis sjónarmið varðandi stöðu barna og ungmenna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli í hafnafirsku skólasamfélagi og tómstundastarfi. Þau fá margvíslega kennslu og þjónustu af Hafnarfjarðar en móðurmálskennsla (önnur en íslenskukennsla) er utan þess þar sem stjórnvöld hafa ekki tekið ábyrgð á því að veita hana. Íslenskustuðningur er talsverður þrátt fyrir að æskilegt væri að auka hana. Sömuleiðis er æskulýðs- og tómstundastarf í boði fyrir alla en fjöltyngdir nemendur sækja það síður en þau sem hafa íslensku að móðurmáli. Unnið er í því að kynna það sem er í boði betur og fjölga þar fjöltyngdum þátttakendum. Lagðar hafa verið fram ýmsar tillögur sem höfundar minnisblaðsins telja viðeigandi og eigi við í þessum aðstæðum á meðan annað, t.d. móðurmálskennsla barna á öðrum móðurmálum en íslensku, er verkefni sem þarf að skoðast í stærra samhengi en Hafnarfirði eingöngu.

Við teljum jafnframt að með gerð þessa minnisblaðs sé umræðunni ekki lokið eða verkefni uppfyllt. Það er þörf á frekari samræðu innan sveitarfélagsins hvernig við getum sem best mætt öllum þegnum bæjarins þar sem börn sem eiga annað móðurmál en íslensku er hópur barna sem miklar líkur séu á að verði hvað jaðarsettastir. Það er því mikilvægt að vinna að sérhæfðum aðgerðum til að styðja umrædd

börn til að aðlagast sem best íslensku samfélagi og þau fái mikla og almenna þjónustu um leið og þau koma inn í hafnfirskt samfélag. Tillögur sem hér framar hafa verið kynntar eru liður í því. Slíkar tillögur þurfa þó ætíð að vera í endurskoðun eftir því sem aðstæður breytast og lagakröfur verða skýrari. Það er ábyrgð okkar að mæta sem best öllum nemendum/börnum í hafnfirsku samfélagi með þeim stuðningi sem þau þarfnast á hverjum tíma. Það á ekki síst við fjöltyngda nemendur.

Að gerð þessa minnisblaðs komu, auk undirritaðs, þau Geir Bjarnason íþrótt- og tómstundafulltrúi, Krístrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmennningar í leik- og grunnskólum, Stella Björg Kristinsdóttir, fagstjóri frístundastarfs, öll starfsfólk á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllt,

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla